BYGGÐASTOFNUN

# Þjónustukönnun Vestfirðir



Byggðastofnun 2018

Titill: Þjónustukönnun Vestfirðir

Framkvæmd þjónustukönnunar: Gallup

Höfundur skýrslu: Sigríður Elín Þórðardóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur ..... 5
Framkvæmdalýsing ..... 5
Tölfræðileg úrvinnsla ..... 6
Um notkun hugtaka ..... 7
Helstu niðurstöður ..... 7
Vestfirðir ..... 8
Búsetusvæði ..... 8
Þátttaka ..... 8
Menntun ..... 9
Vinnumarkaður ..... 10
Atvinnugreinaskipting ..... 11
Atvinnusókn ..... 12
Námsmenn ..... 13
Þjónustusókn á Vestfjörðum ..... 14
Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur ..... 20
Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur ..... 27
Strandabyggð, Kaldrananeshreppur og Áneshreppur ..... 34
Reykhólahreppur ..... 40

## Töflur og myndir

Tafla 1. fjöldi og hlutfall þátttakenda af íbúafjölda eftir búsetusvæðum. ........ 8
Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir stöðu á vinnumarkaði................. 10

Mynd 1. Búsetusvæði á Vestfjörðum. ............................................................ 8
Mynd 2. Hæsta menntun þátttakenda eftir kyni. ............................................ 9
Mynd 3. Hæsta menntun þátttakenda eftir búsetusvæðum. ........................... 9
Mynd 4. Hlutfallsleg skipting þátttakenda eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni. ................................................................................................................ 10
Mynd 5. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum. ........................ 11
Mynd 6. Helstu atvinnugreinar: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum og kyni................................................................................ 11
Mynd 7. Atvinnusókn svarenda eftir staðsetningu vinnustaða þeirra. ........... 12
Mynd 8. Hlutfallsleg skipting svarenda sem sóttu vinnu og sóttu ekki vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn eftir búsetusvæðum þeirra. ............................... 12
Mynd 9. Hlutfall karla og kvenna sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn. ................................................................................... 12
Mynd 10. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ferðamáta til og frá vinnu........ 13
Mynd 11. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ferðamáta til og frá skóla. ....... 13
Mynd 12. Þjónustusókn svarenda á Vestfjörðum. ......................................... 14
Mynd 13. Þjónustueinkunn svarenda á Vestfjörðum..................................... 14
Mynd 14. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir kyni og aldurshópum. ................................................................................................ 15
Mynd 15. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir fjölskyldugerð. ................................................................................................................ 15
Mynd 16. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skiptinga svarenda eftir menntun... 15
Mynd 17. Meðalfjöldi skipta sem svarendur notuðu þjónustu heilsugæslu/heimilislækna eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....................... 16
Mynd 18. Meðalfjöldi skipta sem þjónusta tannlækna var notuð eftir staðsetningu þjónustuaðila.......................................................................... 17
Mynd 19. Meðalfjöldi skipta sem þjónusta sjúkraþjálfara var notuð eftir staðsetningu þjónustuaðila.......................................................................... 17
Mynd 20. Meðalfjöldi skipta sem þjónusta sérfræðiráðgjafa var notuð eftir staðsetningu þjónustuaðila.......................................................................... 18
Mynd 21. Heilbrigðisþjónustusókn svarenda eftir staðsetningu þjónustuaðila. ................................................................................................................ 18
Mynd 22. Heilbrigðisþjónusta sem svarendur sóttu út fyrir sitt búsetusvæði 19
Mynd 23. Þjónustusókn svarenda á norðanverðum Vestfjörðum................. 20
Mynd 24. Þjónustueinkunn svarenda á norðanverðum Vestfjörðum. ........... 20
Mynd 25. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.......................................................................... 22
Mynd 26. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.......................................................................... 23
Mynd 27. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.......................................................................... 24
Mynd 28. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.......................................................................... 25
Mynd 29. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu. ....................................................................................... 26
Mynd 30. Þjónustusókn svarenda í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. ..... 27
Mynd 31. Þjónustueinkunn svarenda í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. 27
Mynd 32. Þjónustusókn svarenda sem sóttu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.......................................................................... 29
Mynd 33. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.......................................................................... 30

Mynd 34. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 31
Mynd 35. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. 32
Mynd 36. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 33
Mynd 37. Þjónustusókn svarenda í Strandabyggð, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi. 34
Mynd 38. Þjónustueinkunn svarenda í Strandabyggð, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi. 34
Mynd 39. Hlutfallsleg skiptinga svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 35
Mynd 40. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 36
Mynd 41. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 37
Mynd 42. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. 38
Mynd 43. Hlutfallsleg skiptinga svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 39
Mynd 44. Þjónustusókn svarenda í Reykhólahreppi. 40
Mynd 45. Þjónustueinkunn svarenda í Reykhólahreppi. 40
Mynd 46. hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 41
Mynd 47. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 42
Mynd 48. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 43
Mynd 49. Hlutfallsleg skiptinga svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. 44
Mynd 50. Hlutfallsleg skiptinga svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. 45
Mynd 51. Orðaský: Þjónusta sem svarendur sóttu út fyrir sitt búsetusvæði. 46
Mynd 52. Hlutfallsleg skipting svarenda með Costco aðildarkort og þeirra sem ekki voru með aðildarkort. 46

# Inngangur

Samkvæmt Byggðaáætlun 2014-2017 á að meta aðgengi íbúa að þjónustu og setja fram tillögur til úrbóta. Ákveðið var að skoða fyrst þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra og nota þá könnun sem fyrirmynd fyrir verklag við sambærilegar kannanir í öðrum landshlutum. Þjónustukönnun var framkvæmd á Norðurlandi vestra haustið 2015 og niðurstöður birtar og kynntar í apríl 2016.

## Framkvæmdalýsing

Undirbúningur að framkvæmd þjónustukannana á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum hófst haustið 2016 í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Könnunin fór fram í júní-október 2017 og sá Gallup um þá vinnu. Tekið var lagskipt slembiúrtak úr viðhorfahópi Gallup og Þjóðskrár, skipt eftir póst- eða sveitarfélagsnúmerum. Þessi úrtaksaðferð er algeng þar sem þýðið er mjög lítið í nokkrum „laganna“, búsetusvæði í þessu tilviki. Til að auka alhæfingargildi niðurstaðna fyrir það svæði er fleiri svörum safnað á fámennum búsetusvæðum en myndu hafa safnast ef tekið er einfalt tilviljunarúrtak úr landshlutanum öllum. Um var að ræða blandaða net- og símakönnun. Þátttakendur í viðhorfahópi fengu senda vefslóð í tölvupósti sem vísaði í könnunina. Samhliða hringdu spyrlar Gallup í þjóðskrárhluta úrtaksins og buðu þátttakendum að svara könnuninni á netinu eða í síma. Þrjár áminningar voru sendar til þátttakenda í tölvupósti.

Í könnuninni var leitað svara við því hvert og hversu oft íbúar sækja margvíslega þjónustu. Lögð var áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi eftir búsetusvæðum. Spurt var um tíðni notkunar á þjónustu sem notuð er oft (mánaðarlega) og þeirri sem notuð er sjaldnar (árlega). Einnig var lögð áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi innan hvers landshluta. Hverjum landshluta var því skipt upp í búsetusvæði eða þjónustusóknarsvæði í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Hér er litið svo á að þjónustusókn íbúa innan hvers búsetusvæðis sé í meginatriðum lík en að þjónustusókn geti verið ólík eftir búsetusvæðum innan hvers landshluta. Suðurnesjum var skipt upp í fimm búsetusvæði, Vesturlandi í fimm, Vestfjörðum í fjögur, Norðurlandi eystra í átta, Austurlandi í fimm og Suðurlandi í átta búsetusvæði, samtals eru 35 búsetusvæði til skoðunar.

Úrtakið var 21.350 manns á aldrinum 18-80 ára með lögheimili í janúar 2017 á Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Alls tóku 8.859 íbúar þátt í könnuninni eða 10,6% íbúa af heildaríbúafjölda í landshlutunum þann 1. janúar 2017 eins og miðað er við í umfjölluninni hér, en hlutfallið er 10,1% af íbúafjölda 1. janúar 2018.

| | Úrtak úr þýði 18-80 ára | Svarhlutfall | Fjöldi þátttakenda í könnuninni 18-80 ára | Fjöldi íbúa 18-180 ára 2017 | Fjöldi íbúa 18-80 ára 2018 | Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2017 | Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðurnes | 3500 | 34% | 1169 | 17423 | 19011 | 6,7% | 6,1% |
| Vesturland | 2850 | 46% | 1385 | 11455 | 11800 | 12,1% | 11,7% |
| Vestfirðir | 1650 | 48% | 776 | 5032 | 5179 | 15,4% | 15,0% |
| Norðurland eystra | 5100 | 41% | 2079 | 21579 | 22294 | 9,6% | 9,3% |
| Austurland | 2150 | 49% | 1051 | 7489 | 7622 | 14,0% | 13,8% |
| Suðurland | 6100 | 39% | 2399 | 20328 | 21382 | 11,8% | 11,2% |
| **Samtals** | **21350** | | **8859** | **83306** | **87288** | **10,6%** | **10,1%** |

Svarhlutfall var mismunandi eftir landshlutum og búsetusvæðum en nánari greining á fjölda þátttakenda eftir búsetusvæðum er í umfjöllun um hvern landshluta fyrir sig.

## Tölfræðileg úrvinnsla

Þar sem úrtakið í hverjum landshluta var ekki hlutfallslega rétt lagskipt eftir búsetusvæðum voru gögnin vigtuð í úrvinnslu til samræmis við íbúafjölda á búsetusvæðum sem voru til skoðunar. Auk þess tók vigtun mið af kyn- og aldurskiptingu á hverju búsetusvæði fyrir sig. Þetta er gert til að heildarniðurstöður fyrir landshluta sé í samræmi við íbúafjölda eftir búsetusvæðum í landshlutanum. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS (Statistical Package for Social Sicense) og sá Gallup um þá vinnu.

Umfjöllunin byggir fyrst og fremst á greiningu svara eftir búsetusvæðum og þjónustusókn. Bakgrunnur þátttakenda er greindur eftir kyni, menntun, stöðu á vinnumarkaði, atvinnugreinum og atvinnusókn fyrir hvern landshluta fyrir sig. Hér verður ekki fjallað um hvort þjónustusókn þátttakenda eftir bakgrunni sé mismunandi eða ekki, það er engu að síður afar áhugavert að skoða það nánar.

Niðurstöður eru settar fram í myndum eftir því sem við á, sem sýna svarhlutföll einstakra spurninga eftir staðsetningu þjónustuaðila.




Radarmyndir eru m.a. notaðar til að varpa ljósi á hvert algeng þjónusta var sótt. Bláa línan sýnir hlutfall þátttakenda sem sóttu tiltekna þjónustu til þjónustuaðila á Ísafirði, appelsínugula línan er viðbót við bláu línuna, gráa línan er viðbót við bláu og/eða appelsínugulu línuna. Radarmyndin hér að ofan sýnir m.a. að 20% þátttakenda fóru síðast í sund á Ísafirði en hátt í 60% þátttakenda fóru í sund annars staðar á norðanverðum Vestfjörðum, sem bilið á milli bláu línunnar og þeirrar appelsínugulu sýnir. Hins vegar fóru um 95% þátttakenda síðast í lágvöruverðsverslun á Ísafirði.

Brottfallið var yfirleitt á bilinu 5-15% í spurningunum, við úrvinnslu var litið svo á að þeir sem svöruðu ekki höfðu ekki nýtt þjónustuna.

## Um notkun hugtaka

Dagvöruverslun: Verslun sem selur dagvörur, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir aðrar dagvöruverslanir en Bónus, Krónuna og Nettó.

Lágvöruverðsverslun: Verslun sem selur dagvörur á lágu verði, þ.e. vörur sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir Bónus, Krónuna og Nettó.

Landfræðilegur markaður: Stærð landfræðilegs markaðs veltur m.a. að því að hvaða marki þörf er talin á því að kaupandinn sé í nálægð við þjónustuaðilana. Sérstaklega skiptir máli hver yrði tíma- og ferðakostnaður neytandans við að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Oft er miðað við að dagvöruverslanir geti að öðru jöfnuðu náð til sín viðskiptavinum sem ekki þurfi að leggja á sig lengri en 20 mínútna akstur í viðkomandi verslun, eða um það bil 20 km fjarlægð frá verslun. Þessi viðmið verður þó að skoða með teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni og á hverju búsetusvæði fyrir sig.

Þjónustusókn: Þjónustusókn endurspeglar aðeins þá þjónustuþætti sem spurt var um í könnuninni. Í myndum um þjónustusókn íbúa eftir landshlutum og búsetusvæðum er eingöngu tekið tillit til hvert íbúar sóttu þjónustuna síðast, ekki er tekið tillit til hversu oft þeir sóttu þjónustuna. Suma þjónustu sækja íbúar oftar en aðra sjaldan. Tekið var meðaltal allra þjónustuþátta sem spurt var um sem gefur góða mynd af því hvert íbúar sækja þá þjónustu sem þeir voru spurðir um.

Höfuðborgarsvæðið: Samheiti yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ.

## Helstu niðurstöður

Þjónustusókn þátttakenda á Vestfjörðum var mismunandi eftir búsetusvæðum.

Þátttakendur á norðanverðum Vestfjörðum sóttu meirihluta þjónustunnar til þjónustuaðila á búsetusvæðinu en þeir sóttu um 15% þjónustunnar til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar sóttu þátttakendur á Ströndum meirihluta þjónustunnar til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu en rúmlega þriðjung þjónustunnar til þjónustuaðila á búsetusvæðinu.

Þátttakendur í Vesturbyggð og á Tálknafirði sóttu tæplega helming þjónustunnar til þjónustuaðila á búsetusvæðinu og um 37% til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu.

Þjónustusókn þátttakenda í Reykhólahreppi var hlutfallslega mest til höfuðborgarsvæðisins en þangað sóttu þeir um 45% þjónustunnar en einnig sóttu þeir þjónustu til Hólmavíkur, Búðardals og Borgarness. Þar sem þátttakendur á búsetusvæðinu sóttu aðeins fimm þjónustuþætti af 48 sem spurt var til þjónustuaðila á búsetusvæðinu var þjónustusóknin í heildina innan við 1% en ekki var tekið tillit til tíðni notkunar við greiningu á þjónustusókn.

Þátttakendur á Ströndum voru líklegri en þátttakendur frá öðrum búsetusvæðum á Vestfjörðum til að gefa þjónustunni í sínu sveitarfélagi ágætiseinkunn.

# Vestfirðir

## Búsetusvæði

Þjónustusókn íbúa á Vestfjörðum var greind eftir fjórum búsetusvæðum (tafla 1 og mynd 1). Þann 1. janúar 2017 voru 5.032 íbúar á aldrinum 18-80 ára búsettir á þessum svæðum, konur voru 2.417 og karlar 2.615, kynjahlutfallið var 48% konur og 52% karlar. Til einföldunar í umfjölluninni kemur fyrir að búsetusvæðið sem samanstendur af Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðvíkurhreppi er nefnt norðanverðir Vestfirðir, búsetusvæðið sem samanstendur af Kaldrananeshreppi, Strandabyggð og Árneshreppi er nefnt Strandir. Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur er skilgreint sem eitt búsetusvæði og er nefnt sunnanverðir Vestfirðir.

## Þátttaka

Alls tóku 776 manns þátt í könnuninni, kynjahlutfallið var jafnt eða 50% karlar og 50% konur. Hlutfall þátttakenda af íbúafjölda 18-80 ára var rúm 15% (tafla 1).

Á Vestfjörðum var 1.650 manns boðið að taka þátt í könnuninni, svarhlutfall var um 48%.

TAFLA 1. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA AF ÍBÚAFJÖLDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.

| Búsetusvæði | Fjöldi þátttakenda 18-80 ára | Hlutfall þátttakenda af íbúafjölda 18-80 ára |
|---|---|---|
| Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur | 417 | 12,1% |
| Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Árneshreppur | 135 | 29,9% |
| Reykhólahreppur | 48 | 24,5% |
| Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur | 176 | 19% |
| **Heildarfjöldi þátttakenda** | **776** | |
| **Heildarfjöldi íbúa 18-80 ára** | **5.032** | **15,4%** |




MYND 1. BÚSETUSVÆÐI Á VESTFJÖRÐUM.

## Menntun

Niðurstöður um menntun þátttakenda byggja á svörum frá 341 konu og 360 körlum, eða 90% þátttakenda. Spurt var: Hver er hæsta menntun sem þú hefur lokið?




**MYND 2. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR KYNI.**

Flestir karlar voru með framhaldsskólapróf sem hæstu menntun en flestar konur voru með háskólapróf sem hæstu menntun. Um 55% karla voru með framhaldsskólapróf og 24% með háskólapróf. Um 39% kvenna voru með háskólapróf og 35% voru með framhaldsskólapróf sem hæstu menntun (mynd 2).




**MYND 3. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.**

Á öllum búsetusvæðunum voru hlutfallslega flestir með framhaldsskólapróf sem hæstu menntun. Hlutfallslega voru fleiri með háskólapróf sem hæstu menntun á norðanverðum Vestfjörðum en hlutfallslega voru fleiri með grunnskólapróf sem hæstu menntun í Reykhólahreppi samanborðið við önnur búsetusvæði (mynd 3).

## Vinnumarkaður

Alls fengu 776 manns spurningu um stöðu á vinnumarkaði og svör fengust frá 714 eða 92% þátttakenda, 62 tóku ekki afstöðu (tafla 2).

Hér er litið svo á virkir á vinnumarkaði eru þeir sem eru í fullu starfi og hlutastarfi sem launþegar, atvinnurekendur, einyrkjar og sjálfstætt starfandi og þeir sem eru í vinnu og námi. Af 714 þátttakendum sem tóku afstöðu voru 79% virkir á vinnumarkaði.

**TAFLA 2. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI.**

| Staða á vinnumarkaði | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Í fullu starfi sem launþegi | 373 | 52,2% |
| Öryrki/ellilífeyrisþegi | 114 | 15,9% |
| Atvinnurekandi/einyrki/sjálfstætt starfandi | 88 | 12,3% |
| Í hlutastarfi sem launþegi | 59 | 8,3% |
| Í vinnu og námi | 44 | 6,2% |
| Í leyfi eða fæðingarorlofi | 13 | 1,8% |
| Í atvinnuleit eða á milli starfa | 11 | 1,6% |
| Í námi | 10 | 1,4% |
| Heimavinnandi | 2 | 0,3% |
| **Fjöldi svara** | **714** | **100%** |
| **Tóku afstöðu** | **714** | **92%** |
| Tóku ekki afstöðu | 62 | 8% |
| **Heildarfjöldi þátttakenda** | **776** | **100,0%** |




**MYND 4. HLUTFALLSLEG SKIPTING ÞÁTTTAKENDA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI OG KYNI.**

Hlutfallslega voru fleiri karlar í fullu starfi en konur, eða 57% á móti 47% kvenna en hlutfallslega fleiri konur voru í hlutastarfi en karlar, 15% á móti 2%. Hlutfallslega fleiri konur voru öryrkjar/ellilífeyrisþegar en karlar. Um 18% karla voru atvinnurekendur, einyrkjar eða sjálfstætt starfandi en það átti við um 6% kvenna (mynd 4).

# Atvinnugreinaskipting




**MYND 5. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM.**

Alls svöruðu 96% þátttakenda sem voru virkir á vinnumarkaði í hvaða atvinnugrein aðalstarf þeirra var. Flestir störfuðu við fræðslustarfsemi og næstflestir við heilbrigðis- og félagsþjónustu. Atvinnugreinaflokkun eftir kyni er háð annmörkum þar sem hlutfallslega fáir starfa í mörgum atvinnugreinum. Í atvinnugreinum þar sem hlutfallslegur fjöldi er undir 5,9% eru gögnin ekki greind eftir kyni (mynd 5).




**MYND 6. HELSTU ATVINNUGREINAR: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM OG KYNI.**

Hlutfallslega störfuðu flestar konur eða 26% við fræðslustarfsemi og 19% við heilbrigðis- og félagsþjónustu. Hlutfallslega störfuðu flestir karlar við fiskveiðar eða 13%, 10% karla störfuðu við byggingarstarsemi og mannvirkjagerð og 10% við opinbera stjórnsýslu og almannatryggingar (mynd 6).

## Atvinnusókn

Þátttakendur sem voru virkir á vinnumarkaði voru spurðir hvort þeir sækja vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þeir búa.

Alls fengu 564 spurninguna, svarhlutfall var 97%. Af þeim sóttu 26% þátttakenda vinnu út fyrir sveitabæinn/þéttbýlið þar sem þeir bjuggu.




**MYND 7. ATVINNUSÓKN SVARENDA EFTIR STAÐSETNINGU VINNUSTAÐA ÞEIRRA.**

Atvinnusókn flestra eða 34% var til Ísafjarðar (mynd 7).




**MYND 8. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM SÓTTU VINNU OG SÓTTU EKKI VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN EFTIR BÚSETUSVÆÐUM ÞEIRRA.**

Hlutfallslega flestir eða 49% þátttakenda sem búsettir voru í Reykhólahreppi sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn sem þeir búa á en hlutfallslega fæstir sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn á norðanverðum Vestfjörðum (mynd 8).




**MYND 9. HLUTFALL KARLA OG KVENNA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN.**

Niðurstöður benda til þess að um þrír af hverjum tíu körlum á Vestfjörðum sæki vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn og ríflega tvær af hverjum tíu konum (mynd 9).

Allir sem voru virkir á vinnumarkaði voru spurðir hvernig þeir ferðast oftast til og frá vinnu.

Alls fengu 564 þátttakendur spurninguna, 97% tóku afstöðu.




**MYND 10. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ VINNU.**

Meirihluti ferðaðist oftast með einkabíl til og frá vinnu eða um 57%. Rúm 26% fóru gangandi, 9% hjólandi og 7% með í bíl eða rútu á vegum vinnuveitanda (mynd 10).

## Námsmenn

Alls voru 95 þátttakendur í námi og af þeim sóttu 66 skóla annars staðar en í sinni heimabyggð. Flestir voru í skóla á höfuðborgarsvæðinu eða um 57%, um 15% á Norðurlandi eystra og um 9% voru í skóla erlendis.

Allir sem voru í námi voru spurðir hvernig þeir ferðast oftast til og frá skóla, 97% tóku afstöðu.




**MYND 11. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ SKÓLA.**

Meirihluti ferðaðist með einkabíl eða 68%, um 14% fóru gangandi og rúm 7% hjólandi og 4% með almenningssamgöngum (mynd 11).

# Þjónustusókn á Vestfjörðum




**MYND 12. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á VESTFJÖRÐUM.**

Í heildina var um 72% þjónustunnar sótt til fyrirtækja og stofnana á Vestfjörðum þar af rúmlega 52% til þjónustuaðila á Ísafirði, rúm 8% til þjónustuaðila í Vesturbyggð og Tálknafirði og rúm 3% til þjónustuaðila á Hólmavík. Rúmlega 20% þjónustunnar var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 12). Um 4% þjónustunnar var sótt annars staðar innanlands, 2% á netið og 2% erlendis.

## Þjónustueinkunn




**MYND 13. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á VESTFJÖRÐUM.**

Um 92% svarenda tóku afstöðu og gáfu þjónustunni einkunn á kvarðanum 1-10. Í heildina gáfu 32% svarenda á Vestfjörðum þjónustunni ágætiseinkunn og um 50% sæmilega einkunn (mynd 13).




**MYND 14. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR KYNI OG ALDURSHÓPUM.**

Ekki kom fram kynjamunur á því hvaða einkunn karlar og konur gáfu þjónustunni en svarendur í aldurshópum 41-55 ára og eldri en 67 ára voru líklegri til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn en þeir sem voru í aldurshópunum 40 ára og yngri og 56-67 ára (mynd 14).




**MYND 15. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FJÖLSKYLDUGERÐ.**

Þátttakendur með þrjú eða fleiri börn á heimilinu voru ólíklegastir til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn (mynd15).




**MYND 16. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTINGA SVARENDA EFTIR MENNTUN.**

Þátttakendur með háskólapróf sem hæstu menntun voru líklegri til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn en þeir sem voru með framhaldsskólapróf sem hæstu menntun (mynd 16).

# Heilbrigðisþjónusta

Umfjöllunin um heilbrigðisþjónustu byggir á svörum frá um 96% þátttakenda, að jafnaði tóku 4% þátttakenda ekki afstöðu.

## Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna og kynjahlutfall notenda:

- 78% notuðu þjónustu heilsugæslunnar og/eða fóru til heimilislæknis – karlar voru 48% notenda og konur 52%
- 39% fóru til sérfræðilæknis – karlar voru 45% notenda og konur 55%
- 50% fóru tannlæknis – karlar voru 46% notenda og konur 54%
- 19% fóru til sjúkraþjálfara – karlar voru 42% notenda og konur 58%
- 11% fóru til sérfræðiráðgjafa (s.s. sálfræðinga, félagsráðgjafa) –karlar voru 35% notenda og konur 65%.

## Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi heilbrigðisþjónustu?

Þeir sem höfðu notað þjónustu heilsugæslu og/eða farið til heimilislæknis á Ísafirði notuðu þjónustuna að meðaltali í 3,9 skipti og þeir sem notuðu þjónustuna í Búðardal fóru í 5 skipti (mynd 17). Flestir þátttakendur búsettir í Reykhólahreppi sóttu þjónustuna til Búðardals og/eða til Hólmavíkur.




**Mynd 17. Meðalfjöldi skipta sem svarendur notuðu þjónustu heilsugæslu/heimilislækna eftir staðsetningu þjónustuaðila.**

Könnunin bendir til þess að þátttakendur með þrjú eða fleiri börn á heimilinu noti þjónustuna oftast eða í fjögur skipti. Konur fóru að meðaltali í 3,5 skipti en karlar í 2,8 skipti.

Þátttakendur sem fóru til sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu fóru að meðaltali í 2,5 skipti en þeir sem fóru til sérfræðilækna á Ísafirði fóru að meðaltali í 1,6 skipti. Ekki kom fram munur á því hve oft þjónusta sérfræðilækna var nýtt eftir kyni, fjölskyldugerð né

búsetusvæðum. Sá munur sem var bendir til þess að 67 ára og eldri og öryrkjar noti þjónustuna oftar en aðrir hópar.




**MYND 18. MEÐALFJÖLDI SKIPTA SEM ÞJÓNUSTA TANNLÆKNA VAR NOTUÐ EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Flestir fóru í 1,8 skipti til tannlæknis á tímabilinu en þeir sem nýttu þjónustuna erlendis notuðu hana að meðaltali í tvö skipti (mynd 18).




**MYND 19. MEÐALFJÖLDI SKIPTA SEM ÞJÓNUSTA SJÚKRAÞJÁLFARA VAR NOTUÐ EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Að meðaltali fóru þeir sem notuðu þjónustu sjúkraþjálfara í Bolungarvík oftast eða í 18,7 skipti (mynd 19). Niðurstöður benda til þess að þátttakendur búsettir á norðanverðum Vestfjörðum noti þjónustu sjúkraþjálfara tvisvar sinnum oftar en þátttakendur sem búsettir voru á sunnanverðum Vestfjörðum.




**MYND 20. MEÐALFJÖLDI SKIPTA SEM ÞJÓNUSTA SÉRFRÆÐIRÁÐGJAFA VAR NOTUÐ EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Þátttakendur sem fóru til sérfræðiráðgjafa í Bolungarvík notuðu þjónustuna að meðaltali í 5,5 skipti en þeir sem fóru til þjónustuaðila á Patreksfirði í 1,7 skipti (mynd 20). Þátttakendur 40 ára og yngri voru líklegri til að nota þjónustu sérfræðiráðgjafa oftar en aðrir hópar sem gögnin voru greind eftir.




**MYND 21. HEILBRIGÐISÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Rúmlega níu af hverjum tíu eða 94% þátttakenda notuðu þjónustu heilsugæslustöðva og/eða fóru til heimilislækna í sínu nærumhverfi. Flestir fóru til sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu en 23% þátttakenda sóttu þjónustuna til þjónustuaðila á Ísafirði. Afgerandi meirihluti fór til sjúkraþjálfara á Vestfjörðum eða 95%, af þeim fóru 79% þátttakenda til þjónustuaðila á Ísafirði. Þá fóru 53% þátttakenda til sérfræðiráðgjafa á Vestfjörðum en flestir eða 40% sóttu þjónustuna til þjónustuaðila á Ísafirði. Hlutfallslega flestir þátttakendur á norðanverðum Vestfjörðum fóru til tannlæknis/a á Ísafirði en flestir þátttakendur frá öðrum búsetusvæðum sóttu þjónustu tannlækna til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 21).




**MYND 22. HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA SEM SVARENDUR SÓTTU ÚT FYRIR SITT BÚSETUSVÆÐI**

Orðaskýið er unnið úr opnum svörum um heilbrigðisþjónustu sem þátttakendur sóttu út fyrir búsetusvæði sitt og ekki var spurt um í könnuninni. Í orðaskýinu er þjónusta sem þátttakendur nefndu oftast mest áberandi. Afgerandi flestir nefndu augnlækni en margir einnig tannréttingar (mynd 22).

# Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur

Þann 1. janúar 2017 voru 3.460 íbúar á aldrinum 18-80 ára á búsetusvæðinu, þar af voru 1.677 konur og 1.783 karlar. Alls tóku 417 manns á norðanverðum Vestfjörðum þátt í könnuninni eða 12% íbúa á aldrinum 18-80 ára.

## Þjónustusókn




MYND 23. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á NORÐANVERÐUM VESTFJÖRÐUM.

Þátttakendur sóttu um 70% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Ísafirði, rúm 7% til Bolungarvíkur og um 15% þjónustunnar var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd23).

## Þjónustueinkunn




MYND 24. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á NORÐANVERÐUM VESTFJÖRÐUM.

Um 35% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn og 50% gáfu sæmilega einkunn (mynd 24).

# Algeng þjónusta

## Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:

- 93% fóru í lágvöruverðsverslun
- 44% fóru í dagvöruverslun
- 80% fóru í apótek
- 74% fóru í bakarí
- 58% fóru í vínbúð
- 28% fóru á almenningsbókasafn
- 26% fóru í líkamsrækt
- 46% fóru í sund
- 69% fóru á skyndibitastað
- 91% tóku eldsneyti.

## Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana á búsetusvæðinu fóru að meðaltali í:

- 9,8 skipti í lágvöruverðsverslun á Ísafirði
- 5,1 skipti í dagvöruverslun á Ísafirði
- 8,6 skipti í dagvöruverslun í Bolungarvík
- 8,7 skipti í dagvöruverslun á Þingeyri
- 3,2 skipti í dagvöruverslun á Flateyri
- 3,3 skipti í dagvöruverslun í Súðavík
- 1,9 skipti í apótek á Ísafirði
- 2,3 skipti í apótek á Þingeyri
- 4,5 skipti í bakarí á Ísafirði
- 2,1 skipti í vínbúð á Ísafirði
- 1,6 skipti á almenningsbókasafn á Ísafirði
- 1,3 skipti á almenningsbókasafn í Bolungarvík,
- 11 skipti í líkamsrækt á Ísafirði
- 11,3 skipti í líkamsrækt í Bolungarvík
